

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

*Nýtt deiliskipulag Austurbæjar við miðbæ.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti þann 25. febrúar 2021 nýtt deiliskipulag Austurbæjar við miðbæ. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir nyrsta hluta Austurbæjar og nær skipulagssvæðið yfir tvo landnotkunarreiti, íbúðarsvæði ÍB-3 og miðsvæði M-1. Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir tveim fjölbýlishúsum með allt að 22 íbúðum við Sólhlíð 4 og tveim nýjum byggingarreitum fyrir einbýlishús að Kirkjuvegi 27 og 29.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, 8. apríl 2021,*

**Dagný Hauksdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2021